



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Dagsetning

Tilvisun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

11. febrúar 2005.

/HG

Alþingi
Erindi nr. P 131/790
komudagur 14.2.2005

Vísað er til bréfs Alþingis, dags. 4. febrúar sl., þar sem stofnuninni var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (vararefsing fésektar), 409. mál.

Hér með tilkynnist að Fangelsismálastofnun hefur ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 131/890
komudagur 28.2/890

ES/vós

Reykjavík, 26. febrúar 2005

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 4. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 409. mál, vararefsing fésektar.

Farið hefur verið yfir frumvarpið af hálfu embættisins og er mælt með lögfestingu þess með vísan til athugasemda sem fylgja því.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hverfisgata 115
150 Reykjavík

Sími: 444-1000
Fax: 444-1015
Veffang: www.lr.is
Netfang: lr@lr.is



ES/vós

Reykjavík, 26. febrúar 2005


Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 4. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, 46. mál, framleiðsla innlendra léttvína.

Embættið vísar til umsagnar um frumvarp sama efnis, sbr. bréf embættisins dags. 19. desember 2001. Afstaða embættisins til frumvarpsins er óbreytt og er hér með vísað til fyrri umsagnar þar sem segir m.a.:

“Með því að leggja til að almennt verði heimilt að framleiða áfengi til eigin neyslu er stefnt að allróttækum breytingum á áfengislöggjöfinni. Embættið tekur ekki afstöðu til þeirra sjónarmiða sem fram koma í greinargerð um að með þessu “gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða séríslensk framleiðslu- og verslunarvara ...”. Embættið tekur hins vegar fram eftirtalin atriði, sem einkum eru löggæslulegs eðlis:

Verði frumvarpið að lögum verður refsilaust að framleiða áfengi, t.d. í heimahúsum, svo framarlega að áfengið fari ekki yfir 15% af hreinum vínanda og sé framleitt úr innlendu hráefni (berjum, ávöxtum eða jurtum). Önnur áfengisframleiðsla án leyfis verður áfram refsiverð skv. 4.gr. áfengislaga. Augljóst er að undanþágur af þessu tagi eru almennt fallnar til þess að veikja löggjöf og gera lögreglu og ákærvaldi erfiðara fyrir en ella við að framfylgja lögnum. Upp í hugann koma mörg vafatilvik sem gætu gert lögreglu og ákærvaldi erfitt um vik verði frumvarpið að lögum. Spyrja má hvort breytingar á borð við þessa kalli ekki á enn frekari tilslakanir og hvort þetta sé ekki fyrsta skrefið í átt að því að gefa frjálsa áfengisframleiðslu til eigin nota.

Embættið mælir ekki með því að frumvarpið verði að lögum og telur eðlilegt að þeir sem óska eftir að framleiða áfengi fái sérstakt leyfi til þess. Framangreindum markmiðum frumvarpsins mætti e.t.v. ná með breytingu á 6.gr. áfengislaga í þá átt að gert verði ráð fyrir skilyrtum leyfum til þeirra sem óska eftir að framleiða léttvín úr íslenskum jarðargróða.”


Ólafur Magnússon
saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Refsiréttarnefnd

Alþingi
Erindi nr. P 131/984
komudagur 7.3.2005


Reykjavík, 3. mars 2005.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 4. febrúar sl., þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19. 12 febrúar 1940 (vararefsing fésektar), 409. mál.

Í upphafi almennra athugasemda frumvarpsins er rakið að það sé samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Refsiréttarnefnd sér því ekki ástæðu til að veita umsögn um frumvarpið.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó, formaður

RÍKISSAKSÓKNARI


Alþingi
Erindi nr. P 131/789
komudagur 14. 2. 2005

RH/jhb
B. 153/05

Reykjavík, 10. febrúar 2005

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 4. þ.m., frumvarp til almennra hegningarlaga. 409. mál, vararefsing fésektar.

Af hálfu ríkissaksóknara eru hvorki ábendingar né athugasemdir við það sem í frumvarpinu felst.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sýslumannafélag Íslands.

Akranes 21. 2. 2005.


Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 131/825
komudagur: 22.2.2005

Með bréfi dagsettu 4. febrúar sl. fór efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 409. mál, vararefsing fésektar.

Stjórn félagsins hefur fjallaði um frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Olafur P. Hauksson.